17. 17. febr.

Fiskiveiðasamþykkt.

Sýslunefndin í Gullbringu- og Kjósarsýslu hefir með lögákveðinni hlutdeild bæjarstjórnarinnar í Reykjavík samkvæmt lögum 14. des. 1877, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lögum 4. des. 1886, um breyting á fyrnefndum lögum, gjört eptirfylgjandi

samþykkt

um þorskanetalagnir í sunnanverðum Faxaflóa.

1. gr.

Í þeim hreppum og bæjarfjelagi, sem samþykkt þessi nær yfir, sem er Rosmhvalanesshreppur, Njarðvíkurhreppur, Vatnsleysustrandarhreppur, Garðahreppur, Bessastaðahreppur, Seltjarnarnesshreppur og Reykjavíkurbær, má enginn leggja þorskanet í sjó fyr en 20. marz ár hvert.

2. gr.

Nú verður fiskimaður brotlegur móti 1. gr.; skulu þá skipaðir tilsjónarmenn upptaka og flytja á land net þau, sem lögð eru gagnstætt ákvæðum hennar, þótt yfirvald hafi eigi úrskurðað; en tafarlaust skulu þeir tilkynna lögreglustjóra upptökuna og málavöxtu, og skal hann með úrskurði ákveða, að netin skuli höfð í haldi, unz eigandi eða umboðsmaður hans sýnir vottorð lögreglustjóra um það, að sá, sem netin voru upptekin fyrir, sje sýknaður með dómi eða málssóknin gegn honum niður fallin, eða að hann hafi greitt sektir þær, sem honum hafa verið gjörðar, eða sett fyrir þeim fullgilda tryggingu. Afli sá, sem fenginn er með aðferð þeirri, sem er móti 1. gr., skal upptækur vera og andvirði hans renna að hálfu í fátækrasjóð og að 1/4 til uppljóstrarmanns og 1/4 til þess, sem upp tekur. Sá, sem brotlegur verður, greiði þar að auki sekt frá 5—500 krónur, sem tilfalli þeim sömu og aflinn í sama hlutfalli.

3. gr.

Eigi má leggja nje uppdraga þorskanet fyr að morgni en miðaljóst sje orðið og eigi síðar á degi en um sólarlag, að viðlögðum sektum frá 10 til 50 krónur.

4. gr.

A tímabilinu frá 20. marz til 1. apríl má ekkert skip nje bátur hafa meira í sjó í senn en eina netatrossu, er eigi sje í fleiri net en eitt fyrir hvern hlut, 30 faðma langt fellt. Brot móti þessu varða sektum frá 50 til 100 krónur.

5. gr.

Sektir allar eptir 3. og 4. gr. falla að hálfu til fátækrasjóðs, að hálfu til uppljóstursmanns. Sekt og afli tilfellur fátækrasjóði í þeim hreppi, sem sá, er brýtur, rær frá.

6. gr.

Í þeim hreppum, sem samþykkt þessi nær yfir, skipar sýslumaður tilsjónarmenn svo marga, sem þörf er á, til að gæta þess, að eigi sje brotið á móti samþykkt þessari; í Reykjavíkurbæ skipar bæjarfógetinn sömuleiðis hæfilega marga tilsjónarmenn.

7. gr. 17

Samþykkt um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, 17. febr.
fyrir Rosmhvalanesshrepp, Njarðvíkurhrepp, Vatnsleysustrandarhrepp, Garðahrepp, Bessastaðahrepp, Seltjarnarnesshrepp, og Reykjavíkurbæ, dagsett 8. desember 1890, sem og samþykkt um breytingu á henni, dagsett 29. marz 1892, falla úr gildi, þá er samþykkt þessi nær gildi.

* * *

Samþykkt þessi, sem almennur hjeraðsfundur hefir fallizt á samkvæmt 4. gr. fyrnefndra laga 14. desember 1877, er hjermeð staðfest af undirskrifuðum amtmanni til að öðlast gildi 15. marzm. 1897, og kunngjörist öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Íslands Suðuramt, Reykjavík 17. dag febrúarm. 1897.

J. Havsteen.

Fiskiveiðasamþykkt. 18

Sýslunefndin í Gullbringu- og Kjósarsýslu hefir með lögákveðinni hlut- 17. febr.
deild bæjarstjórnarinnar í Reykjavík samkvæmt lögum 14. des. 1877, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lögum 4. des. 1886, um breyting á fyrnefndum lögum, gjört eptirfylgjandi

samþykkt

um notkun fiskilóðar í sunnanverðum Faxaflóa.

1. gr.

Í þeim hreppum og bæjarfjelagi, sem samþykkt þessi nær yfir, sem er Rosmhvalanesshreppur, Njarðvíkurhreppur, Vatnsleysustrandarhreppur, Garðahreppur, Bessastaðahreppur, Seltjarnarnesshreppur og Reykjavíkurbær, má enginn leggja fiskilóð í sjó á tímabilinu frá 1. janúar til 1. maí ár hvert, hvort sem fiskimenn eiga heima í sveitum þessum eða róa þaðan styttri eða lengri tíma.

2. gr.

Nú verður fiskimaður brotlegur móti 1. gr.; skulu þá skipaðir tilsjónarmenn upptaka og flytja í land lóðir þær, sem notaðar eru gagnstætt ákvæðum hennar, þótt yfirvald eigi hafi úrskurðað; en tafarlaust skulu þeir tilkynna lögreglustjóra upptökuna og málavöxtu, og skal hann með úrskurði ákveða, að lóðin skuli höfð í haldi, unz eigandi eða umboðsmaður hans sýnir vottorð lögreglustjóra um það, að sá, sem veiðarfærin voru upptekin fyrir, sje sýknaður með dómi eða málssókn gegn honum sje niðurfallin eða að hann hafi greitt sektir þær, sem honum hafa verið gjörðar, eða sett fyrir þeim fullgilda tryggíng.

3. gr.

Afli sá, sem fenginn er með aðferð, sem er á móti 1. gr., skal upptækur vera og andvirði hans rennur að 1/2 í fátækrasjóð, 1/4 til uppljóstrarmanns og 1/4 til þess, sem upptekur. Sá, er brotlegur hefir orðið, greiði þessutan sekt frá 5 til 500 krónur, er skiptist á sama hátt og aflinn.